

Skólastefna Grýtubakkahrepps

Skólastefna Grýtubakkahrepps nær til Leikskólans Krummafótar og Grenivíkurskóla. Lög, reglugerðir og aðalnámsskrá eru grundvöllur stefnu um skólastarf ásamt ákvörðunum sveitastjórnar. Hvor skóli getur markað eigin skólastefnu í samræmi við stefnu sveitarfélagsins en hefur að öðru leyti frjálsar hendur um skipulag og framkvæmd skólastarfs.

Framtíðarsýn

Skólar Grýtubakkahrepps verði framsæknir þar sem nemendur öðlast þroska til góðra verka. Með bókvit, verksvit og siðvit að leiðarljósi fái sérhver nemandi hvatningu til náms við sitt hæfi. Jafnframt verði skólaganga heildstæð og skóla- stig tengist saman.

Skólar Grýtubakkahrepps skapi í samstarfi við heimilin, kjörumhverfi til náms með hvetjandi starfsumhverfi, hæfileikaríku starfsfólki og virkum tengslum við samfélagið.

Með þessari stefnumörkun leggur Grýtubakkahreppur áherslu á eftirfarandi:

Nemendur

Að nemendum líði vel í skólum sveitarfélagsins. Andleg og líkamleg vellíðan barns er grundvöllur að árangri þess innan skólanna og þar af leiðandi grund-völlur að starfsemi þeirra. Taka þarf mið af þörfum hvers barns og aðstoða það til aukins þroska á þess eigin forsendum. Allir nemendur hafa jöfn tækifæri til náms óháð líkamlegri og andlegri getu og þroska. Nemendur geri kröfur til sín í námi og samskiptum og séu jafnframt meðvitaðir um ábyrgð sína og skyldur innan skólasamfélagsins.

Starfsfólk

Skólar sveitarfélagsins skulu skapa starfsmönnum gott starfsumhverfi. Starfsmenn hafi fagmenntun og kost á að sækja sér viðbótarmenntun. Að kynja-hlutfallið sé sem jafnast og starfsandi góður. Að skólarnir séu eftirsóttir vinnu-staðir fyrir starfsfólk sem hefur gæði skólastarfsins að leiðarljósi.

Aðbúnaður og umhverfi

Aðstaða nemenda og starfsfólks til náms og kennslu skal vera fullnægjandi miðað við nútíma kröfur. Öllum börnum í sveitarfélaginu skal tryggður jafn aðgangur að góðri og fjölbreyttri aðstöðu í öruggu umhverfi við leik og nám. Öryggi barna á leið í og úr skóla skal tryggt eins og kostur er, hvort heldur sem börn ferðast með skólabíl eða gangandi, með eða án fylgdar foreldra. Horft skal eftir sérstöðu sveitarfélagsins í tengslum við útinám og umhverfismennt. Jafnframt skulu skólarnir stuðla að heilbrigðum lífsvenjum nemenda.

Samfélagið

Áhersla lögð á góð tengsl við samfélagið og atvinnulífið til að byggja upp jákvæða samfélagsvitund nemenda. Hlutverk sveitarfélagsins er að tryggja skólum þjónustu á ýmsum sviðum auk þess að tryggja þeim nægilegt fjármagn til rekstrar og þróunar.

Heimili og skóli

Áhersla skal lögð á öflugt samstarf milli heimila og skóla þar sem sérþekking foreldra á börnum sínum og sérþekking starfsfólks á skóla-umhverfinu fléttast saman. Samskipti heimila og skóla byggist á gagnkvæmu upplýsinga-streymi, trausti og virðingu. Einnig skal heimilum gefinn kostur á, og þau hvött til, að taka þátt í mótunarstarfi skólanna og stuðla þannig að frampróun þeirra.

